

Leiklist

# Textinn er algert nammi

Pór H. Tulínus leiklistarnemi sem leikur Bokka í Draumi á Jónsmessunótt tekinn tali

Góður rómur er nú gerður að sameiginlegri sýningu Leikfélags Reykjavíkur og Nemendaleikhúss Leiklistarskóla Íslands á Draumi á Jónsmessunótt eftir William Shakespeare. Til dæmis sagði Sverrir Hólmarsson hér í blaðinu á miðvikudaginn: „Þetta er

Leiklistarskóla Íslands með stór hlutverk og leika á móti atvinnuleikurum Íðnó. Þeirra hlutur fær góða dóma hjá gagnrýndum. Einn þessara nýliða á sviðinu er Pór H. Tulínus, 25 ára reykvikvingur sem mættur er í spjall við Þór á síðasta ári í skólanum og hlutverk Bokka er annað hlutverk hans í opinberri leiksýningu,

hefur tíðkast á hinum Norðurlöndunum, einkum í Finnlandi, og gefist vel. Það tók nokkurn tíma að fá samþykki við þessari hugmynd hér heima, margir höfðu uppi stéttarlegar efasemdir, ekki síst vegna þess atvinnuleysis sem ríkir meðal leikara. Á móti því kom sú röksemd að Leikfélagið hefði ekki bolmagn til að ráða 8 unga leikara í þessi hlutverk svo samstarfið við okkur væri forsenda fyrir því að setja Draum á Jónsmessunótt upp.

– Fáid þið þá ekkert kaup?  
– Við fengum ekkert æfinga-kaup, en sýningarkaupið rennur óskipt til skólans. Þeir peningar gera skólanum kleift að ráða leikara til starfa með yngri ár-göngunum, t.d. í Aljónu og Ívan sem nemendur á þriðja ári settu upp fyrir skömmu.

## Hljír straumar

– Það hefur löngum verið stefna skólans að nemendur mættu ekki koma fram opinberlega meðan þeir eru í skólanum. Er sú stefna fyrir þi?



– Nei, hún er enn við lýði og ég er alveg sáttur við hana. Námið er metið sem 50 stunda vinna á viku allan veturinn og ef nemendur færu að ráða sig í vinnu með skólanum myndi það trufla skólastarfið. Auk þess vill starf í leikhúsi eða kvikmyndum alltaf vefja upp á sig og verða tímafrekara en til stóð í upphafi. Þessi sýning er allt öðru vísi, við förum sem ein heild og hún kemur í stað annarrar í Nemendaleikhúsinu sem vanalega setur upp þrjár á vetri.

– Hvernig leist ykkur á þessa hugmynd?

– Okkur fannst hún spennandi, en samt urðum við að gera upp við okkur hvort þetta þýddi að við fengjum minni reynslu en ella. Til að fordást það gerðumst við þá kröfu, að við fengjum öll veigamikil hlutverk.

– Og hvernig var ykkur tekið?

– Mjög vel, það var engin spennan, bara hljír straumar.



Frá æ fingur á Draumi á Jónsmessunótt. Þór er lengst til hægri í gervi Bokka (Mynd E.Ól.)

óvenjulega vel hugsuð og unnin sýning... og er nú tilefni til að vona að Vilhjálmur fari loks að hljóta þá hylli hérlendis sem hann á skilið“.

Það er nýlunda í þessari sýningu að þar fara 8 nemendur úr

hitt var hlutverk Rensó í Grænfjörðrunni sem Nemendaleikhúsið sýndi fyrir í vetur.

– Hvernig kom þessi samvinna ykkar og Leikfélagsins til?

– Ég er nú ekki alveg viss hver átti hugmyndina en svona samstarf atvinnuleikhúsa og skóla

Eldri leikararnir voru okkur hjálplegir og gáfu góðar vísbendingar, td. um textameðferð. Við studdum hvert annað og tókst að halda okkar eigin stefnu og stíll enda er mjög góður andi í þessum bekk. Góð efni á ferðinni.

– Shakespeare er kannski ekki það auðveldasta sem nýliði á leiksviði getur valið sér. Var ekki erfitt að eiga við allan þennan texta?

– Við höfðum unnið með Shakespeare á öðru ári og auk þess hefur á síðari árum verið lögð mikil rækt við textameðferð í skólanum. Þessi vinna hefur skilað sér. Við ræddum textann vel á æfingum og fundum sameiginlegan stíl sem gekk upp. Og svo er þessi texti algert nammi þegar maður kemst inn í hann, fallegur og flaðir vel.

– Hvað er svo framundan hjá ykkur?

– Við verðum í þessari sýningu meðan hún gengur en næstu daga hefjast æfingar á þriðja verkefni okkar í vetur. Það er nýtt leikrit sem Nína Björk Árnadóttir hefur skrifað sérstaklega fyrir okkur. Þetta er mjög ljóðrænt verk eins og við er að búast frá Nínu Björk og fjallar um fólk sem hefur týnt ástinni en finnur hana aftur.

– Þú minnst á atvinnuleysi leikara, ertu ekkert smeykur við að koma út á markaðinn í sumar?

– Það hefur mikið verið að gerast í leikhúslífinu að undanförunu. Alþýðuleikhúsið, Egg-leikhúsið og aðrir „utangarðshópar“ hafa átt mikilli velgengni að fagna og fengið rifandi dóma. Ég heldur því að það sé minni ástæða til að kvíða framtíðinni en td. þegar ég var að byrja í skólanum. Atvinnuleikhúsin og útvarpið hafa líka verið dugleg við að veita nýjum leikurum tækifæri. Svo mér finnst bara gaman að vera að útskrifast núna.

– Í þinni ætt er amk. einn frægur leikari, Brynjólfur Jóhannesson sem var móðurafi þinn. Er meira um leikhúsfólk í ættinni?

– Nei, en það er mikill leikhúshugi og mikil virðing borin fyrir leikhúsinu í minni fjölskyldu.

– Ertu þá kannski að miklu leyti alinn upp í leikhúsi?

– Nei, við bjuggum erlendis þangað til ég var fimmtán ára gamall svo tengslin við leikhúsið voru ekki mikil, minni en hjá sumu frændfólki mínu. En fjölskyldan hefur stutt vel við bakið á mér í náminu, verið spennt og áhugasöm fyrir því.

–BH

# Röndótt landslag

Rut Rebekka sýnir að Kjarvalsstöðum

Ein þeirra sýninga sem opnuðu að Kjarvalsstöðum um helgina, er málverka- og grafík sýning Rutar Rebekku. Hún sýnir 43 verk, þar af 14 silkiprykksmyndir. Rut Rebekka stundaði nám við Myndlistaskólann í Reykjavík 1975–78 og Myndlista- og handíðaskólann, þaðan sem hún útskrifaðist 1982. Árið 1984 dvaldi hún í gistivinnustofu í Danmörku á vegum Nordisk Kunstcenter. Rut Rebekka hefur áður haldið tvær einkasýningar, í Bókasafni Mosfellssveitar og Viborg, Danmörku, báðar á síðasta ári. Hún tók þátt í Haustsýningu FÍM að Kjarvalsstöðum, 1973 og samsýningu í Riggs Gallery í Kaliforníu, U.S.A., árið 1984.

Rut Rebekka fer því geyst af stað, þegar tillit er tekið til þess

að hún hefur nú haldið þrjár einkasýningar á tæpu ári. Ef ef til vill er þetta fullmikill hraði, því enn á hún eftir að staðfesta betur persónuleg tök sín á listinni. Ennþá eru verk hennar of skólaleg, þ.e. of bundin við kennslubókina. Formskyn og litameðferð ber það með sér að hér er á ferð tillærð tækni fremur en persónuleg tjáning. Pensilskriftin er hrá og stöðluð og myndbygging er augljós og reglubundin.

Myndefnið er einnig akademískt, í þeim hálfvögla poppstíl sem þróaðist hér um miðjan 7. áratuginn. Það voru nýmæli þegar þau Einar Hákonarson og Þorbjörg Höskuldadóttir tóku að gera náttúru landsins vélræn skil, til að túlka gervilegt umhverfi nútímans í mótsögn við óspillta

fjallasýn. Verk þeirra voru frumleg vegna þess að þau sögðu okkur eitthvað nýtt og því munu þau standa eftir sem minnisvarðar um breytta afstöðu landsmanna til náttúrunnar.



HALLDÓR B. RUNÓLFSSON

En þeir sem á eftir koma geta ekki vænst hins sama. Það gæta lítt að mála 15–20 árum síðar fjallasl sem lítur út eins og lakkriskonfekt eða Bismarck-brjóstsýkur. Það segir okkur ekki

neitt nýtt hversu fallett sem það kann að vera. En þetta er einmitt skólabókardæmi um skólalífinu, því í stað þess að brýna fyrir nemendum listaskóla stöðuga leit út fyrir það sem þegar er þekkt, er reynt að búa til einhverja „klassík“ sem andlausir nemendur og kúbisminn öllum listaskólum en nú hefur popplistin tekið við sem hin opinbera, klassíska listastefna þessara stofnana. Þessi stefna byggir á útjaskaðri hugmyndafræði Platóns um eilífa og óumbreytanlega feegurð. Ef sú kenning reyndist á rökum reist fyndist okkur áreiðanlega þær konur fegurstar sem væru spikaðar sem Rubensmeyjar eða fölar og veiklulegar eins og kvinnur van Eycks. Eins mundi okkur finnast íslenskt landslag ljótt, því

hrjúfleiki þess er í andstöðu við klassískan og forngrískan smekk.

Nú vil ég ekki halda því fram að verk Rutar Rebekku séu andlaus, a.m.k. ekki málverk hennar. Ef laust á hún eftir að vinna sig frá skólalífinu og gerast persónulegri. Hins vegar má tala um fullkomið andleysi í sambandi við sáldprykkisverk hennar. Þau eru nákvæm eftirlíking af grafíkverku Andy Warhols, „konungs“ popp-listarinnar, ef frá eru taldar tvær myndir af blómum í glugga.

Enn sem komið er ætti Rut Rebekka að vinna að list sinni í kyrrþey, þar til hún hefur náð því takmarki að losa sig undan skólaspékinni. Maður er nefnilega ekki orðinn menntaður fyrr en hann hefur gleymt því sem hann lærði í skóla.